

56

29. marz

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 49 3. marz 1945, um skömmtun á erlendu smjöri.

1. gr.

Auk þeirrar skömmtunar á erlendu smjöri, sem áður hefur verið ákveðin, skal afhenda hverjum manni innkaupaheimild fyrir einu kílógrammi af smjöri fyrir mánuðina apríl, maí og júní 1947, og gildir sú innkaupaheimild til 30. júní n. k., og eiga við um hana allar sömu reglur og aðrar innkaupaheimildir, sem gefnar hafa verið út í þessu skyni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. marz 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

57

9. apríl

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu, nr. 175 30. des. 1946, um lágmarksverð á nýjum fiski.

Lágmarksverð á lúðu yfir 15 kg, kr. 4.50 hvert kg, fellur niður.

Lágmarksverð á flöttum, ósöltuðum þorski, ýsu og löngu skal vera kr. 0.96 hvert kg.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 97/1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvogsins o. fl.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. apríl 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

58

14. apríl

AUGLÝSING

um hækkun á gjaldi af innlendum tollvörutegundum.

Með því að forseti Íslands hefur í dag staðfest lög um breyting á lögum nr. 60 frá 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, auglýsist hér með, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laganna til þargreindrar hækkunar á framangreindu gjaldi.

Fjármálaráðuneytið, 14. apríl 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.